

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu. Kjósa skal tvo endurskoðendur til eins árs í senn.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Félagsmenn hafa forgang til kaupa á veiðileyfum. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir*

## SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Reyðarvatns, Borgarfjarðarsýslu.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Reyðarvatns. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

## 2. gr.

Félagið tekur til Reyðarvatns, Reyðarlækjar, fiskgengs hluta Leirár og Fossár ásamt efsta hluta Grímsár, frá vatni að efsta fossi í ánni. Aðilar að félaginu eru þessar

jarðir, sem land eiga að Reyðarvatni, eða eiga upprekstrarrétt á afrétti, sem að því liggja. Þær eru þessar: Þverfell, Gúlstrevni, England, Þúnnarstaðir, Hóll, Melgerði, Snartarstaðir, Lundarhólmi, Skarð I, Skarð II, Kistufell, Kross, Gröf I, Gröf II, Mávahlíð, Múlakot, Skálpastaðir I, Skálpastaðir II, Arnþórsholt, Lundur I, Lundur II, Gullberastaðir, Oddsstaðir I, Oddsstaðir II, Brautartunga, Tungufell, Brenna, Reykir, Eyri, Múlastaðir, Varmalækur, Hellur, Fossatún, Laugabær, Laugateigur, Bær I, Bær II, Nýi-Bær I, Nýi-Bær II, Jaðar, Langholt, Langarholt, Stafholtsey I, Stafholtsey II, Hvítárbakki I, Hvítárbakki II, Vindheimar, Þingnes I, Þingnes II, Árbakki, Hestur, Heggstaðir, Kvígsstaðir, Vatnshamar, Hvítárvellir I, Hvítárvellir II, Grímarstaðir, Bárustaðir, Staðarhóll, Hvanneyri, Ausa, Mið-Fossar og Syðstu-Fossar.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði þar á þann hátt, sem hagkvæmastur þykir vera hverju sinni. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í minnst þrjú ár. Kjósa skal þrjú varamenn í stjórn á sama hátt. Árlega skal kjósa tvo endurskoðendur og einn til vara.

### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í hágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

### 6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 15. maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögu um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún einnig leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Fundur er lögmetur ef hann er löglega boðaður. Ekki er þó heimilt að ráðstafa veiði lengur en til eins árs í senn, nema samþykki minnst helmingi félagsmanna komi til.

### 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, arðskrá og fundargerðir.

### 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt milli félagsmanna samkv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

### 9. gr.

Félagið skal starfa í samræmi við gildandi lög um lax- og silungsveiði eins og þau eru á hverjum tíma.

## 10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

**SAMÞYKKT**

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.

## 1. gr.

**1. gr. orðist svo:**

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð 21 borgarfulltrúa, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

## 2. gr.

**2. mgr. 7. gr. orðist svo:**

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun borgarstjóra, forseta borgarstjórnar eða ef sjö borgarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

## 3. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Breytingar þessar taka gildi við reglulegar kosningar til borgarstjórnar í maí 1982 og skal þá kjörinn 21 borgarfulltrúi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1981.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 238 17. apríl 1980 um gatnagerðargjöld í Miðneshreppi í Gullbringusýslu.

## 1. gr.

**1. mgr. 4. gr. orðist svo:**

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.